



Fundargerð stjórnar SSA

Fundur nr. 3 starfsárið 2014 – 2015

Fundur var haldinn í stjórn SSA fimmtudaginn 22. október 2014. Fundurinn hófst með hádegisverði á Tærgensen, Reyðarfirði kl. 12:30. Fundarstaður var á Búðareyri 2, Reyðarfirði.

Mættir voru: Arnbjörg Sveinsdóttir (Skype), Sigrún Blöndal, Gunnar Jónsson, Jón Björn Hákonarson, Stefán Grímur Rafnsson, Hákon Hansson og Gauti Jóhannsson.

Þá sat fundinn Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar sem ritaði fundargerð. Inn á fundinn komu Björn Ingimarsson, Jens Garðar Helgason og Davíð Baldursson fyrir hönd Menningarráðs Austurlands undir lið númer 2c og Hrund Snorradóttir verkefnisstjóri Almenningsamgangna undir lið 4c.

1) Fundargerðir

- a) Stjórnarfundur SSA dags. 2. fundur, þ. 23.9.2014. Fundargerðin staðfest.
- b) Samband íslenskra sveitarfélaga 819. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- c) Ályktanir 59. Fjórðungspings Vestfirðinga. Lagt fram til kynningar.
- d) SASS 485. fundur stjórnar. Fundur. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- e) Samband íslenskra sveitarfélaga 820. fundur. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
Stjórn felur verkefnisstjóra að kanna stöðuna á reglugerð um slökkvilið og skoða kröfur sem er gerðar eru í þessu skv. fundargerð.

2) Drög að nýjum samningi um sóknaráætlun 2015-2020

- a) Vangaveltur sendar til ráðuneytisins við fyrstu drög.
- b) Önnur drög frá ráðuneytinu til kynningar.
Verkefnisstjóra falið að vinna drög að umsögn sem send verði á stjórn til rýni.
- c) Menningarráð Austurlands – Fundargerð lögð fram til kynningar.
Jens Garðar Helgason, Davíð Baldursson og Björn Ingimarsson komu til fundar og kynntu afstöðu Menningarráðsins til uppkasts að nýjum samningi um sóknaráætlun 2015-2020.

3) Samningur SSA við Austurbrú

- a) Drög að samningi SSA við Austurbrú. Lagt fram til kynningar.
- b) Drög að verkefnalýsingu fyrir verkefnisstjóra
Málinu vísað til framkvæmdaráðs til vinnslu og afgreiðslu.

4) Almenningsamgöngur

- a) Fundur með innanríkisráðherra 24. september á Akureyri.
Formaður og framkvæmdastjóri Austurbrúar upplýstu um þá umræðu sem fram fór á fundi landshlutasamtakanna með ráðherra.
- b) Niðurstaða Samgöngustofu vegna erindis Sambands Íslenskra Sveitarfélaga
Staða mála kynnt. Formanni er falið að vinna málið áfram.

- c) Gjaldskrár almenningssamgangna fyrir 2015
Hrund kynnti breytingar á gjaldskránni sem eru minniháttar og snúa aðallega að innra samræmi. Gjaldskráin er samþykkt samhljóða

5) Tilnefningar í samgöngunefnd

- a) Yfirlit yfir tilnefnda aðila í samgöngunefnd. Ekki hafa öll sveitarfélög sent upplýsingar um tilnefningar.
Málinu frestað til næsta fundar.

6) Ósk um umsagnir

- a) Sjá meðfylgjandi samantekt. Lagt fram yfirlit um lagafrumvörp o.fl. sem send hafa verið til umsagnar. Verkefnastjóra falið að senda umsagnir í samræmi við ákvörðun fundarins.

7) Önnur mál

- a) Fundur með fjárlaganefnd 8. október 2014 – umræða fundarins kynnt.
- b) Fundur með landshlutasamtökunum þann 9. október 2014 – umræða fundarins kynnt.
- c) Fundur um pósthjónustu framtíðarinnar þann 22. október kl. 17:00 – fundinum frestað skv. tölvupósti frá Íslandspósti.
- d) Greinargerð til jöfnunarsjóðs vegna framkvæmdar sóknaráætlana landshlutanna. Lagt fram til kynningar.
- e) Drög að samningi við Austurbrú vegna úthlutunar sóknaráætlunar 2014. Samþykkt að vísa til framkvæmdaráðs til afgreiðslu.
- f) Lokaútgáfur kerfisáætlunar og umhverfisskýrslu ásamt afgreiðslu stjórnar Landsnets á umhverfismati áætlunarinnar skv. 9. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Lagt fram til kynningar.
Fundurinn felur Stefáni og Gunnari að rýna skýrsluna út frá hagsmunum Austurlands.
- g) Málþing um stöðu innflytjenda í sveitarfélögum 14. nóvember 2014. Lagt fram til kynningar.
- h) Almannavarnir.
Gauti kynnir stöðuna á vinnu við gerð viðbragðsáætlunar. Í framhaldinu verður hún send til viðkomandi almannavarnarnefnda sem síðan kynna innan sinna svæða. Reiknað er með að vinnunni sé lokið um mánaðamótin okt/nóv.
- i) Kynningarferli í tengslum við ályktanirnar.
Verkefnisstjóra falið að setja saman yfirlit um það hvernig ályktanir SSA verða kynntar.
- j) Fjárlög 2015.
Stjórn SSA lýsir þungum áhyggjum af því hvernig nú líti út varðandi fjárframlög til veg framkvæmda árið 2015.

Fundi slitið kl. 16:40.

Fundargerð ritaði: Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar